

Nokkrar athugasemdir við frumvarp um Þjóðgarðarstofnun og þjóðgarða.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu þá eru markmið með breytingunum m.a. að sameina aðkomu að þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og friðlýsingarferli, einfalda rekstur og stjórnun þjóðgarða og gera starfsemi skilvirkari sem og að samræma ásýnd þeirra og merkingar .

Við nánari skoðun þá virðist frumvarpið aðeins ná að setja allt undir inn hatt á kostnað einföldunar og skilvirkni.

Í fyrsta lagi verða þrjú þjóðgarðar starfandi hver með sína einstöku og sjálfstæðu stjórn, sem ráðherra skipar, án fulltrúa frá Þjóðgarðsstofnun. Auk þessa er gert ráð fyrir þverfaglegri einingu og miðlægri þjónustu sem væntanlega lýtur stjórn forstjóra. Þarna er verið bæta við a.m.k. einni sjálfstæðri einingu miðað við stöðuna í dag og gera kerfið flónara.

Í öðru lagi er hið flókna stjórnkerfi Vatnajökulsþjóðgarðs/Hálendisþjóðgarðs yfirfært á hina þjóðgarðana þrátt fyrir að margar og alvarlegar athugasemdir og ábendingar hafi komið fram á undanförunum árum um það stjórnkerfi og rekstur þess. Engan veginn er séð að viðbrögð við þeim athugasemdum og ábendingum sem fram hafa komið skili þeim árangri sem til er ætlast, en þó er fullyrt í greinargerðinni að þetta fyrirkomulag hafi reynst vel.

Í þriðja lagi er innra skipulag samkvæmt frumvarpinu vægast sagt mjög flókið. Eins og áður er bent á er hver þjóðgarður sjálfstæð eining og fær fjárveitingar til rekstrar á fjárlögum. Stjórnir setja sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir og í raun án aðkomu forstjóra. Stjórnir samþykkja rakstraráætlun fyrir sinn þjóðgarð sem forstjóri hefur því ekkert vald til að breyta eða samræma milli þjóðgarða. Það er alfarið stjórnanna að ákveða hvað er gert í þeirra þjóðgarði, en samt ber forstjóri ábyrgð á öllu þar með taldar öllum fjárreiðum þjóðgarðanna gangvart ráðherra.

Forstjóri er einnig skyldaður til að veita stjórnnum og umdæmisráðum þjóðgarða allar þær upplýsingar sem þessir aðilar þurfa til að geta uppfyllt skyldur sínar. Samt skal stofnunin setja sér verklagsreglu um upplýsingagjöf og undirbúning funda stjórna og umdæmisráða, en miðað við skylduna þá hljóta stjórnir og umdæmisráð að ráða hvaða upplýsingar þeir þurfa og því í raun ákveða þetta verklag. Þetta þrátt fyrir að þjóðgarðarnir heyri undir forstjóra og hann beri bæði fjárhagslega ábyrgð auk skyldunnar að láta stjórnnum og umdæmisráðum í té umbeðnar upplýsingar. Forstjóri ræður því ekki í raun hvaða svigrúm er til að sinna öðrum málum en þeim sem snúa að þjóðgörðunum, það er afgangsstærð.

Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir aukinni og mikilli yfirbyggingu. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verður með 5 manna stjórn, Þingvellir 7 og Hálendisþjóðgarður 11. Við þetta bætast 6 umdæmisráð í Hálendisþjóðgarði hvert með 9 fulltrúa. Þetta gera 87 fulltrúa, en þá á eftir að gera ráð fyrir fleiri má umdæmisráðum sem og jafnvel stjórnnum fyrir einstök svæði sem sett eru með reglugerð. Ekki verður annað séð að þátttaka þessara aðila sé greidd af fjárlögum fyrir þjóðgarðana.

Í fimmta lagi þá er staða þjóðgarðsvarða samkvæmt frumvarpinu athygliverð. Þeir eru ráðnir af forstjóra og því ætti að vera augljóst samkvæmt því að forstjóri ákveður starfskyldur þjóðgarðsvarða. Samt eiga þeir að bæði að uppfylla skyldur samkvæmt rakstraráætlun stjórna sem og starfskyldur sem forstjóri setur, sem sagt á að þjóna tveimur herrum þar sem bara annar hefur ábyrgð (forstjóri).

Þessi atriði benda ekki til þess að utanumhald verði einfaldara og að kerfið verði skilvirkara og nýting almannaþjónu betri þar sem bæði er lagt til að taka upp flókið stjórnarfyrirkomulag án þess að þeir sem taka ákvarðanir beri ábyrgð á framkvæmdinni og yfirbygging málaflokksins aukin mikið með tilheyrandi kostnaði sem kemur óhjákvæmilega niður á framkvæmdum í þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum.

Helgi Jenson
Miðtúni 88
105 Reykjavík